

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Árskógshrepps, Eyjafjarðarsýslu.

Vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum fasteignum á svæði Vatnsveitu Árskógshrepps, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við veituna. Sama gildir um aðrar fasteignir, sem fá vatn frá Vatnsveitu Árskógshrepps, á þær skal ákvarða vatnsskattinn samkvæmt því er í gjaldskrá þessari segir.

2. gr.

Vatnsskattur samkvæmt 1. gr. skal vera 0,18% af fasteignamati húsa og lóða þeirra.

Lágmark og hámark vatnsskatts skal þó miða við eftirtalinn gjaldstuðul á rúmmetra húss að viðbættum 0,18% af fasteignamati lóða þeirra.

	Lágmarks gjaldstuðull kr./m ³	Hámarks gjaldstuðull kr./m ³
1. flokkur		
Vöruheymslur og annað	3,60	4,70
2. flokkur		
Íbúðarhúsnæði, bílskúrar	4,70	5,60
3. flokkur		
Iðnaðarhúsnæði	5,60	6,10
4. flokkur		
Verslunar-, skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	6,10	7,00

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 500,00.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss svo og lágmarksupphæð skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

3. gr.

Af jörðum á svæði Vatnsveitu Árskógshrepps skal vatnsskattur vera 0,18% af fasteignamati jarðanna. Lágmark vatnsskatts skal þó vera 0,18% af mati útihúsa og lands, að viðbættum kr. 4,70 á m³ íbúðarhúss og tilsvareandi skal hámark vatnsskatts vera 0,18% af fasteignamati útihúsa og lands að viðbættum kr. 5,60 á hvern rúmmetra íbúðarhúss.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

4. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður veitunefnd skattinn.

5. gr.

Aukavatnsskattur.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, (vinnslustöðvar) útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðastöðvar og önnur slík fyrirtæki, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og fyrir hreyfivélar og gosbrunna.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun hreppsnefndar.

7. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 3,60 fyrir hvern teningsmetra vatns.

8. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

	kr.
20 til 32 mm. mælir	351,00
40 mm.	455,00
50 mm.	876,00
80 mm.	1 157,00
100 mm.	2 315,00

Heimæða- og tengigjöld.

9. gr.

Gjald vegna lagna heimæða frá götuæð vatnsveitunnar í stofnkрана húss skal ákveðinn af hreppsnefnd Árskógshrepps.

Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.

10. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á með 6 gjalddögum í lok hvers tveggja mánaða tímabils.

11. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings- og aðfaraveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki. Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 5. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir áætlaðri notkun. Vilji vatnsnotandi ekki setta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafist þess að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

13. gr.

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en húseigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

14. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir útgjöldum, getur hreppsnefnd að fengnum tillögum veitunefndar, fyrir eitt ár í senn, hækkað vatnsskatt, lágmarks- og hámarksvatnsskatt, aukavatnsskatt, mælaleigu, um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Árskógshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.